



Fótaglíma.

Mér finnst þessi mjög þjóðlegur. Maður sér fyrir sér harða keppni á Ungmennafélagsmóti í Dalasýslunni upp úr 1945.

Yfirlit:

Þátttakendur keppa í að kollvelta hvor öðrum.

Hvað þarftu:

Grasflöt eða dýnu til að liggja á. Keppt er í þörum þannig að það verða að vera a.m.k. 2 þátttakendur.

Hvað á að gera:

Þátttakendur leggjast á dýnuna þannig að höfuð nema ca. við mjöðm hvors annars. Þátttakendur grípa í öxl hvors annars og síðan lyfta þeir upp þeim fæti sem er nær hvor öðrum. Markmið leiksins er að samtímis reyna þátttakendur að krækja saman fótunum og velta andstæðingnum í kollhnís aftur fyrir sig. Gott er að foringi telji niður í krækjuna með t.d.: Einn, tveir og glíma.